



2016 -2017

Ársskýrsla Heilsuleikskólans Bæjarbóls



Anna Bjarnadóttir

leikskólastjóri

Júní 2017

Efnisyfrlit

Inngangur	3
Innra starfið	3
Mat á innra starfi leikskólans 2016-2017	3
Þema.....	4
Útikennsla- gönguferðir	4
Hreyfing	4
Markviss málörvun	5
Einingakubbar/ Holukubbar.....	5
Könnunarleikur	5
Lesmál	6
Verkefni elstu barnanna.....	6
Brúum bilið / Samstarf leik- og grunnskóla.....	6
Flæði.....	7
Tákn með tali	7
Samantekt á mati starfsmanna eftir vetrarstarfið	8
Umbótaáætlun – hugmyndir varðandi innra starfið út frá endurmati	8
Nýbreytni	9
Vináttuverkefnið.....	9
Heimspeki	10
Læsisstefna.....	10
Foreldrasamstarf.....	10
Starfsmannahald.....	13
Starfsþróun	13
Barnahópurinn	14
Sérkennsla.....	14
Öyggismál	15
Húsnæði og viðhald	15
Lokaorð	16

Inngangur

Samkvæmt 5.grein laga um leikskóla frá árinu 2008 gerir leikskólastjóri rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu. Í ársskýrslunni koma fram þeir þættir sem ákveðið var að leggja mat á samkvæmt starfsáætlun fyrir árið 2016-2017.

Innra starfið

Innra starfið á Bæjarbóli er í góðum farvegi og festa komin í markvisst starf eins og þemastundir, markvissa málörvun, hreyfingu, elstu barna verkefni og lesmál. Mikill metnaður er í innra starfi leikskólans og boðið upp á fjölbreyttar leiðir til náms í gegnum leikinn. Nokkuð var um breytingar á Bæjarbóli þennan veturinn í starfsmannahaldi.

Áherslur í innra starfi var að tengja starfið við lífsleikni og þróunarverkefnið vináttu í samvinnu við Barnaheill og því varð þema vetrarstarfsins ég sjálfur og lífsleikni.

Mat á innra starfi leikskólans 2016-2017

Mat á starfi leikskólans er bæði formlegt og óformlegt. Oft kemur eitthvað upp í starfinu sem verður til umbóta og áhrifa á næstu árum. Skráning á öllum stundum og endurmat í lok þeirra vekur starfsfólk til gagnrýnnar hugsunar á hvað gekk vel og hvað ekki. Eru þær niðurstöður ræddar á deildarfundum sem hefur áhrif á mat á starfinu í heild. Formlegt mat var gert á starfsmannafundi í janúar fyrir haustönnina og í maí fyrir vorönnina á öllum verkefnum vetrarins og helstu niðurstöður ræddar sem hefur áhrif á endurskoðun starfsáætlunar.

Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri leikskóladeildar kynnti á starfsmannafundi í febrúar innleiðingu á mati í skólastarfi og sett upp þriggja manna matsteymi í kjölfarið innan leikskólans. Vinna stendur yfir að gera matsáætlun til þriggja ára og að gera innra matið markvissara.

Til grundvallar sjálfsmati leikskólans er starfsáætlun 2016 – 2017 og voru niðurstöður úr mati starfsmanna á innra starfi leikskólans í meginatriðum að tími sé kominn til að endurskoða markvissar vinnustundir og tengja meira við viðfangsefni vetrarins ásamt því að samþætta áherslur. Starfsfólki leikskólans fannst hafa tekist mjög vel að fylgja eftir

Því sem áætlað var og mikill vilji er fyrir því að auka samstarf á milli deilda og deildarstjóra.

Þema

Þemað er ákveðið viðfangsefni sem tekið er fyrir í aldursskiptum hópum og er hluti af lífsleikni leikskólans. Þennan vetur tókum við fyrir „**Ég sjálf-ur og lífsleikni**“. Í ár var innleitt vináttuverkefnið og það tengdist beint þemanu á öllum deildum. Fyrir utan vinastundir einu sinni í viku á fjórum deildum voru jafnframt þemastundir á öllum deildum þar sem unnin voru ýmis verkefni í tengslum við þemað. Sem dæmi um áhersluþætti í þemastundum :

- Hver er ég, hvað einkennir mig? Eru allir eins? Hvernig erum við ólík?
- Tilfinningar og líðan
- Hugrekki
- Vinir, vinátta
- Fjölskyldan mín
- Kurteisi og góðir siðir

Útikennsla- gönguferðir

Gönguferðir voru farnar einu sinni í viku á öllum deildum og gekk það vel. Börnin á eldri deild velja sér leynistað sem þau heimsækja og fara einnig í göngu á tíu toppa sem eru ferðir á hæðir og hóla í nágrenninu. Börnin nefna toppana og búa til örnefni.

Í gönguferðunum er lögð áhersla á að kenna börnunum að fara saman í hóp, umferðareglur, umgengni við náttúruna og að auka við orðaforða þeirra. Börnin á Bæjarbóli fara í gönguferðir frá tveggja ára aldri, þau yngstu fara örstutt rétt út fyrir leikskólalóðina og svo smá lengjast ferðirnar. Ferðirnar eru ekki síst hluti af heilsustefnu leikskólans til að auka þrek og þol barnanna og fá nýja sýn á umhverfið.

Hreyfing

Þennan veturinn var einn kennari, Auður Skúladóttir, með skipulagða hreyfingu í sal. Skipulögð hreyfing á sal var óbreytt frá fyrra ári þ.e. öll börn fara í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku frá miðjum september út maí og fara einu sinni í viku í frjálsan tíma í sal að auki með deildinni. Hreyfistundirnar voru færðar út með vorinu og farið út í nánasta nágrenni. Haldið var áfram að fara með tvo elstu árgangana í jóga í vetur. Elstu börn leikskólans fara þrisvar í mánuði í hreyfingu í Ásgarð og einu sinni í mánuði á Bæjarbóli. Mikil ánægja er hjá börnunum að fara í Ásgarð og þennan veturinn höfðum

við aðgang að fimleikasalnum sem er alger ævintýraheimur fyrir börnin. Næst elsta hópnum var boðið með einu sinni á önn í Ásgarð og það gekk einnig ljómandi vel og verður haldið áfram. Á vorin er haldinn íþróttadagur fyrir allan leikskólann þar sem börnunum er skipt upp í 3 hópa og fara á margar stöðvar.

Markviss málörvun

Öll börn í tveimur elstu árgöngum leikskólans fara í Markvissa málörvun tvisvar í viku 15 – 20 mín. í senn í 20 vikur sem skiptast fyrir og eftir áramót. Fyrir einu ári var byrjað að vera með markvissa málörvun snemma á morgnanna, það reyndist vel og haldið var áfram að hafa markvissa málörvun á morgnanna. Deildarstjóri á eldri deild tók jafnframt þátt í þróunarsamstarfi ásamt fulltrúum annarra skóla í Garðabæ með talmeinafræðingum að endurskoða markvissa málörvun á bæði leik- og grunnskólastigi. Fundað var nokkrum sinnum eftir áramót og mun lokaskýrsla koma út varðandi þá vinnu. Það er mat deildarstjóra að endurskoða þurfi efni markvissrar málörvunar og auka hlut hennar með yngstu börnum leikskólans og mun fara í gang þróunarstarf varðandi það næsta vetur.

Einingakubbar/ Holukubbar

Einingakubbar voru nokkuð vel nýttir á öllum deildum. Á Mó-, Nón- og Vinaholti eru einingakubbar inni á deildinunum. Þeir hafa nýst mjög vel á Mó- og Nónholti en voru ekki eins mikið notaðir á Vinaholti. Holukubbar eru alltaf mjög vinsælir hjá börnunum.

Könnunarleikur

Könnunarleikur fer þannig fram að safnað hefur verið saman „verðlausum“ hlutum, ekki leikföngum í hefðbundnum skilningi sem keypt eru úti í búð. Þetta eru hlutir eins og keðjur, lykklar, dósir og lok. Eftir að hlutunum hefur verið raðað á gólfið hefst leikurinn. Börnin velja sér hluti og nota þá á margan hátt. Þau fylla, tæma, setja saman, stafla, raða, draga, hrista, velja og hafna. Þau leika sér ótrufluð án fyrirmæla frá hinum fullorðna. Þau leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að gera



hluti á margan máta. Stundirnar eru skráðar og kennarar fylgjast með börnunum að leika og sjá hvernig þau leysa ýmis viðfangsefni og vinna saman.

Lesmál

„Lesmál“. Markmið verkefnisins er meðal annars að þróa markvissar sögu- og samræðustundir og stuðla að auknum hlustunar- og málskilningi barna, auka orðaforða þeirra, hugtakaskilning og tjáningu. Börnin voru mjög áhugasöm í lesmáli og gekk það mjög vel á öllum deildum. Verkefnið „Bókin mín“ gekk vel á öllum deildum og mikil ánægja með verkefnið.

Verkefni elstu barnanna

Eru í mjög föstum skorðum og gengur vel að vinna með þau verkefni. Þetta skólaár var sú breyting á starfi leikskólans að elstu börnin voru á tveimur deildum og gekk samvinnan á milli deildanna með ágætum. Börnin fóru saman í allar vettvangsferðir, í jóga, séð til að þau hefðu tækifæri til að leika frjálst saman á deildum og einnig voru þau saman í hreyfingu í Fimleikahúsið.

Um haustið var farin árviss haustferð, að þessu sinni í Hellisgerði í Hafnarfirði. Einnig var okkur boðið í sögustund í Þjóðleikhúsinu á sýninguna Töfraheim brúðuleikhússins og á sinfóníutónleika á sýninguna Skrímslið litla systir mín. Börnin í elsta hóp heimsóttu einnig Hvalasafnið. Breyting var á útskriftarferð elstu barna þetta árið og farið var á fallett svæði sem Skógræktarfélag Garðabæjar á í Heiðmörk fyrir ofan Vífilsstaðavatn. Elstu börnin fóru jafnframt í margar vettvangsferðir meðal annars í náttúrufræðistofu Kópavogs, gönguferð í hraunið, fóru í fjöruferð og heimsóttu bókasafn Garðabæjar.

Útbúinn var nýr bæklingur með námskrá fimm ára barna sem deilt var til foreldra fjögurra ára barna í foreldraviðtölum í marsmánuði og kynnt hvað væri framundan næsta vetur. Talið er gott að foreldrar séu vel upplýstir um áherslur í starfi elstu barna ekki síst þar sem boðið er upp á fimm ára deildir í tveimur grunnskólum bæjarins.

Brúum bilið / Samstarf leik- og grunnskóla.

Samstarfsskólinn okkar er Flataskóli og voru nokkur verkefni unnin. Sú nýbreytni varð í vetur að börnin sem fara í Hofsstaðaskóla fóru þangað með foreldrum sínum á kynningarfund í maí. Til að auðvelda skil á milli skólastiga var haldið áfram að vinna

með upplýsingblað sem fer í grunnskólann þar sem börnin koma ýmsum upplýsingum um sig á framfæri og einnig kennarar.

7

Samstarf við Flataskóla – Brúum bilið – 2016-2017 var í samræmi við samstarfssamning sem gerður var að hausti. Allir aðilar í samstarfinu voru nýjir bæði deildarstjóri elstu barna og deildarstjóri á yngsta stigi í Flataskóla og var samstarfið ef til vill ekki jafn markvisst og áður.

Haustönn

Á Alþjóðlega bangsadeginum var bókasafnið í Flataskóla heimsótt.

Börnin í 1.bekk komu í heimsókn til okkar í nóvember og lékum við okkur saman úti í garði.

Börnin í bláa hópi fóru í Flataskóla í nóvember og léku úti og inni við 1. bekkina.

Vorönn

Í janúar fóru elstu börnin í heimsókn í Krakkakot. Skoðuðu aðstæður, léku sér og snæddu hádegisverð.

Farið var í heimsókn í Flataskóla fyrir páska að skoða lifandi páskaunga.

Vorskólinn var í byrjun maí þar sem börnin fengu kynningu á húsnæði skólans ásamt því að vera með 1.bekk í vinnustundum og frímínútum. Börnin sem voru væntanlegir nemendur Hofstaðaskóla fóru vorheimsókn í Hofstaðaskóla og væntanlegir nemendur Flataskóla fóru í vorskóla.

Flæði

„Flæði“ er einu sinni í mánuði frá nóvember og fram í maí á föstudögum þar sem börn og starfsmenn flæða á milli deilda og kynnast börnum, starfsfólki og húsnæði og gekk það mjög vel. Veitir það börnum öryggi þegar þau flytjast svo á milli deilda og fundum við það vel í aðlögunni í sumar. Ánægja er með flæðið og starfsmenn fara einnig á milli deilda og kynnast þannig öðrum deildum og börnum.

Tákn með tali

Við höldum áfram með TMT þetta árið. Sérkennslustjóri sá um að setja 4 ný tákn á tveggja vikna fresti inn á deildirnar. Einnig lærðu börnin um mánuðina og árstíðina. Táknin eru svo notuð þegar farið er yfir hvað er í matinn, hvernig á að klæða sig og í söngstundum og gekk það vel. Mikil ánægja er með að nota tákn með tali og verður áfram unnið markvisst að því að bæta það hjá starfsfólki og börnum.

Samantekt á mati starfsmanna eftir vetrarstarfið

8

Segja má að almenn ánægja ríki með vináttuverkefnið en nauðsynlegt þegar ný verkefni eru innleidd að setja þau inn í starfið en ekki bæta eingöngu ofan á annað skipulagt starf sem er fyrir. Þannig hefði verið hægt að samtvinna það meira inn í þemastarf. Einnig er gott að gefa sér tíma til undirbúnings og hafa meira samræmt á milli deilda varðandi gildin. Þemastarfið gekk vel en það er þó greinilega kominn tími til að endurskoða stundirnar og hafa meira flæði við aðrar áherslur í starfinu t.d. árstíðir, vináttuverkefni, fuglaverkefni, lesmál og tengja almennt meira við viðfangsefni í starfinu. Lesmálið er ótrúlega gott verkefni en eins og með svo margt þarf að endurskoða og undirbúa stundirnar. Flétta mætti lesmálið meira við markvissa málörvun og samþætta vinnuna. Mat á námi barna og skráning í heilsubækur, tras og hljóm gengur vel. Þetta tekur allt tíma og við getum nýtt okkur niðurstöður á mun markvissari hátt en við gerum núna. Til dæmis með því að bera saman árganga, skoða hvað kemur vel út og hvað kemur síður út og vinna að áætlun í kjölfarið meira en við höfum gert. Mikil ánægja á öllum deildum með markvissar hreyfistundir og jóga. Gönguferðir falla sjaldan niður og eru mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Þar mætti einnig tengja betur við viðfangsefni í skólastarfinu og samþætta við það sem er efst á baugi hverju sinni, hvaða fugla er verið að vinna með, umhverfið, árstíðir, vinátta og orðaforði svo eitthvað sé nefnt. Ánægja er með nýjan matseðil heilsustefnunnar en nokkra hluti væri þó hægt að bæta. Matartímar eru einnig hluti af leikskólastarfinu, þar læra börnin fjölmargt og þeim þarf að líða vel. Upp komu hugmyndir um að hafa söngsal tvisvar í mánuði og sleppa þegar það er flæði og leikfangadagur og er vert að skoða það.

Umbótaáætlun – hugmyndir varðandi innra starfið út frá endurmati

- Fara yfir þemastundir í samstarfi og sjá hvernig við viljum hafa þær með tilliti til þemans og þróunarverkefna næsta vetur.
- Tengja vináttustundir inn í þema og efla samstarf á milli deilda um hvaða gildi er unnið með t.d. eftir mánuðum.
- Tvinna saman lesmál og markvissa málörvun á eldri deildum. Bæta lærum og leikum með hljóðin inn í starfið. Finna fjölbreyttar leiðir til að vinna með markvissa málörvun t.d. með því að búa til hugmyndabanka, hljóðapoka, sögupoka, fjölnotaverkefni og fleira.
- Skoða niðurstöður úr hljómi og trasi meira enn við höfum gert. Rýna í þær og sjá hvar við gætum bætt ef til vill í starfinu á deildum leikefni eða einhverju sem

vantar upp á til að efla börnin þar sem þarf. Setja upp í excel, geta borið saman á milli ára.

- Fækka söngsal í tvisvar í mánuði
- Gera útihreyfistundir að hausti og vori (deildarstjóri).
- Gera nám og viðfangsefni í gönguferðum sýnileg t.d. með myndum og samþættingu við aðra þætti í starfinu. T.d. í gönguferðinni skoðuðum við tölustafi, lékum leikrit í náttúrunni, bjuggum til sögur um dýr, lærðum ný orð, fundum form í umhverfinu og svo framvegis.
- Fara yfir matseðil með matrád, skoða hvar við getum bætt okkur
- Efla samstarf við foreldra með Karellen, vikupóstar komi þar inn.
- Efla samstarf og samvinnu á milli deilda og starfsmanna. Leggja áherslu á kærleik í samskiptum. Setja á samráð að morgni næsta vetur.

Nýbreyttni

Tvö þróunarverkefni voru sett á starfsáætlun þennan veturinn, annars vegar þróunarverkefnið Vinátta sem er forvarnarverkefni í samstarfi við Barnaheill á Íslandi gegn einelti og hins vegar heimspekisögur með börnum. Heimspekiverkefnið er í umsjón leikskólans Hæðarbóls en í því felst að lesnar eru tvær heimspekisögur í mánuði fyrir elstu börnin og skilað svo endurmati á þeim til verkefnastjóra.

Vináttuverkefnið var styrkt af þróunarsjóði leikskóla vorið 2015 og þá var efnið keypt og deildarstjórar sóttu námskeið en innleiðing tafðist vegna annars verkefnis fram á þetta skólaár. Allir starfsmenn fengu fyrirlestur um vináttuverkefnið á skipulagsdegi í september og unnið var markvisst með efnið á öllum deildum fyrir utan Hraunholtið þar sem yngstu börnin eru. Þar var samt sem áður unnið með suma þætti eins og veggspjald með ráðum til foreldra hengt upp og börnin fengu öll vinabangsa.

Foreldrar fengu kynningu á vináttuverkefninu á kynningarfundum í október en því miður var afar dræm mæting. Efnið var einnig kynnt á heimasíðu leikskólans.

Helsta markmið verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist.

Markmið *Vináttu* - verkefnisins er:

- að samfélagið í leikskólanum einkennist af umburðarlyndi og virðingu
- að skapa umhverfi þar sem börn sýna hvert öðru umhyggju
- að börn læri að bregðast við neikvæðri hegðun og einelti
- að virkja einstaklinga og gefa þeim hugrekki til að grípa inn í og verja félag sína

Það er mat starfsmanna að efnið sé mjög aðgengilegt og auðvelt í vinnu inná leikskólanum, höfði til barnanna og skili sér í bættum skilningi á líðan annarra, betri samskiptum og auknu umburðarlyndi ef það er nýtt á þennan markvissa máta sem gert hefur verið í vetur. Mikilvægt er að halda stöðugt áfram að vinna með þau gildi sem verkefnin byggja á í gegnum allt skólastarfið.

Heimspæki – Gunnhildur á Nónholti og Rósa á Móholti tóku þátt í heimspækiverkefninu undir leiðsögn Hæðarbóls. Lesnar voru átta sögur fyrir elstu börnin í litlum hópum og umræður í kjölfarið. Mat þeirra var að sögurnar væru heldur þungar fyrir 5 ára aldurinn og héldu ekki nægilega vel áhuga barnanna. Engu að síður áhugavert verkefni.

Fyrir utan þessi tvö verkefni í starfsáætlun tók Bæjarból einnig þátt í þróunarverkefninu Markviss málörvun- endurskoðun á efni og samræður á milli skólastiga.

Læsisstefna - Ný læsisstefna var útbúin og kynnt á fundi leikskólastjóra í byrjun apríl og á starfsmannafundi. Læsisstefnan byggir á þeim þáttum sem örva málþroska á Bæjarbóli og helstu áherslur varðandi læsi. Við gerð læsisstefnunnar var notast við eldri útgáfu, aðalnámskrá og skólanámskrá leikskólans og rýnt í dagskipulag.



Foreldrasamstarf

Í vetur var ákveðið að efla upplýsingaflæði til foreldra með svokölluðum vikupóstum en deildarstjórar skrifa stuttan póst á föstudögum með helstu upplýsingum sem þeir vilja koma á framfæri. Skv. samtali við fulltrúa í foreldrafélaginu er ánægja með þessa vikupósta en jafnframt kom fram að þeir væru misupplýsandi. Deildarstjórar fá litla eða

nánast enga endurgjöf á vikupóstana og spyrja sig hvort þeir séu að skila sér eða óþarfa áreiti á foreldra.

Skrifað er á upplýsingatöflur deildanna daglega, meðal annars um helstu verkefni dagsins og gefin voru út þrjú fréttabréf, eitt að hausti og þrjú að vori. Fréttabréfin eru jafnframt send í tölvupósti og sett á heimasíðu leikskólans. Á heimasíðu voru fréttirnar 57 talsins frá 1. September 2017 fram í júnímánuð.

Leikskólastjóri sendir oftast póst þegar eitthvað stendur til svo að foreldrar séu upplýstir um það sem er að gerast í leikskólanum.

Mikil áhersla er lögð á góð dagleg samskipti.

Foreldrum er boðið í tvö samtöl á ári. Eitt að hausti sem er kynning á vetrarstarfinu og annað að vori þar sem heilsubók barnsins er skoðuð og farið yfir líðan, nám og annað. Á heimasíðuna er lögð áhersla á að setja inn fréttakorn og ljósmyndir úr starfinu. Flestar upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu leikskólans og þar má sjá matseðil vikunnar.

Foreldrakönnun á vegum skólapúlsins var gerð í marsmánuði og mikil áhersla lögð á að auglýsa könnunina og á góða svörun, reyndin var að 72 foreldrar svöruðu könnuninni af þeim 88 sem tóku þátt en svarhlutfallið yfir heildina var 88,9%.

Það gladdi okkur mjög að sjá ótrúlega mörg jákvæð og falleg ummæli um starfsfólk og leikskólastarfið í opinni spurningu um það sem fólk væri ánægt með. Ljóst er að við getum bætt okkur á ýmsum sviðum, upplýsingaflæði er alltaf þáttur sem reynist erfiður og kom ekki nógu vel út. Spurningar vakna um hversu mikið af upplýsingum er þörf fyrir og í gegnum hvaða miðla en við leitumst við að halda áfram finna leiðir til að hafa gott upplýsingaflæði.

Nú er verið að vinna í því að innleiða nýtt leikskólakerfi Karellen, sem mun leysa mentor af hólmi. Þar munum við geta haldið utan um allt er varðar börnin í leikskólanum, starfsmenn, úthlutun pláss, gjöld, viðveru, fréttir og myndir svo eitthvað sé nefnt. Kerfinu fylgir einnig app sem foreldrar geta sótt í símann sinn og þar hægt að hafa samskipti og fleira. Við erum rétt að byrja að skoða kerfið og setja okkur inn í það, starfsmenn þurfa fræðslu og alltaf flókið að temja sér ný vinnubrögð en starfsmenn eru jákvæðir fyrir þessu sem og nýrri heimasíðu. Einnig hefur komið upp sú umræða í foreldrahópnum um að hafa fésbókarsíður fyrir hverja deild en ekki hefur slíkt komið til framkvæmda. Þetta verður allt skoðað fyrir næsta vetur.

Húsnæði leikskólans er einnig orðið lúíð og kom fram í niðurstöðum að foreldrar telja að aðstaðan gæti verið betri, bæði fyrir skó og fatnað barnanna sem og leiksvæði þeirra. Upphaf og lok leikskólagöngu eru líka þættir sem við þurfum að skoða og rýna í út frá niðurstöðum skólapúlsins en almennt séð yfir heildina komu niðurstöður könnunarinnar vel út.

Pann 15. nóvember hélt leikskólinn upp á fjórtíu ára afmæli og er hvorki meira né minna elsti leikskóli Garðabæjar og sá fyrsti sem var byggður sem slíkur. Vegleg afmælishátíð var haldin í tilefni dagsins sem var vel sótt af ýmsum gestum, fyrrverandi starfsfólki, foreldrum og fjölskyldum barnanna, bæjarstjóra og starfsfólki fræðslusviðs.

Foreldrafélagið hefur unnið með nokkuð hefðbundnu sniði þetta ár og voru flestir fulltrúar í stjórninni nýir. Átta foreldrar voru í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðs sem starfar samkvæmt lögum um leikskóla. Fundir voru tveir á haustönn og tveir á vorönn og samskipti jafnframt á fésbókarsíðu félagsins.

Foreldrafélagið skipulagði bæði viðburði á haust- og vorönn. Piparkökuskreytingardag á leikskólanum í tengslum við að ljósín voru tendruð á jólatrénu á Garðatorgi og kökubasar á opnu húsi. Ágóðinn af kökubasarnum verður notaður til að kaupa leiktæki fyrir leikskólann. Foreldrasjóður stóð straum að nokkrum uppákomum á leikskólanum, jólasveina á jólaball Bæjarbóls, jólaleikritið Grýla og jólasveinarnir og leiksýninguna „Vera og vatnið“. Sveitaferð var í lok maí og foreldrafélagið greiddi rúturnar fyrir börnin, aðgangseyri og pylsur fyrir börn og foreldra. Sveitaferðin var virkilega vel heppnuð, mjög góð mæting og dásamlegt veður en farið var að Miðdal í Kjós að þessu sinni. Ánægjulegt er fyrir foreldra að hittast sín á milli á slíkum vettvangi, hitta starfsfólkið og kynnst leikfélögum barna sinna og eflir slík samvera tengsl allra.

Öfum og ömmum var boðið í kaffi á degi leikskólans í febrúar og foreldrum boðið í kaffi og smákökur sem börnin baka um miðjan desember

til að upplifa jólaundirbúninginn með börnunum. Einnig var foreldrum elstu barna boðið að vera við útskriftarathöfn í maímánuði.



Starfsmannahald

Markmið í starfsmannastjórnun er að gera skólann að einni heild, samræma vinnubrögð og auka samstarf á milli deilda. Efla samkennd starfsmanna, auka víðsýni og nýta mannauðinn.

Heildarfjöldi starfsmanna var 26 í 24,43 stöðugildum í desember 2016 og þar af störfuðu 7 leikskólakennarar, 2 framhaldsskólakennarar, 1 grunnskólakennari, 1 uppeldis og menntunarfræðingur, 1 þroskaþjálfari, 12 leiðbeinendur með bæði langa og stutta starfsreynslu, 1 matráður og 1 aðstoð í eldhúsi. Það verður að segjast að starfsmannavelta var heldur mikil á deild yngstu barna af óviðráðanlegum orsökum og áhyggjuefni hversu fáar umsóknir eru um lausar stöður.

Starfsþróun

Mikil fjölbreytni er í framboði á námskeiðum og fylltu allir starfsmenn skilyrði til starfsþróunar.

Auður Skúladóttir verkefnastjóri hreyfingar og Anna Bjarnadóttir leikskólastjóri kynntu heilsustefnuna á fræðsludegi leikskólans í október.

Fengnir voru fyrirlestrar og stutt námskeið á starfsmannafundum og á skipulagsdegi til að efla starfsfólkið í starfi.

Allir starfsmenn sátu fyrirlestrana:

- Anna Bjarnadóttir – vinátta þróunarverkefni með Barnaheill
- Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir – Skyndihjálparnámskeið
- Halldóra Pétursdóttir – Matsáætlun
- Elsa Pálsdóttir frá Menntamálastofnun - Læsi í leikskólum
- Klifið - Velferð og vellíðan A námskeið
- Menntadagur – ýmis erindi

Allir deildarstjórar sóttu námskeið um læsi á vegum bæjarins sem haldin voru yfir veturinn, annars vegar um Lubba og hins vegar Lærum og leikum með hljóðin.

Önnur námskeið yfir veturinn voru:

Yngstu börnin : 1 starfsmaður

Aðskilnaður : 3 starfsmenn

Tras : 1 starfsmaður

Einhverfa: 2 starfsmenn

Velferð og vellíðan B: 1 starfsmaður

Skapmikil börn : 4 starfsmenn

Erfið starfsmannamál: 1 starfsmaður

Fræðslufundur deildarstjóra: 4 starfsmenn

AEPS: 1 starfsmaður
 Velliðan í starfi : 2 starfsmann
 Helsueflandi leikskólar: 1 starfsmaður

Starfssamtöl þetta árið voru með þeim hætti að leikskólastjóri ræddi við allt starfsfólk í apríl-maí og gafst starfsmönnum færi á að ræða óskir varðandi starfið, markmið og líðan. Einn starfsmaður var í námi í leikskólabró FG með vinnu

Barnahópurinn

Í leikskólanum eru fimm deildir, fjórar í húsnæði leikskólans og ein í lausri kennslustofu á leikskólalóð. Allar deildirnar bjóða upp á breytilegan dvalartíma, boðið er upp á dvöl frá 4 klst. til 9,5 klst. Í janúar 2017 voru börnin 92 með 758,3 dvalarstundir. Þar af voru 44 drengir og 48 stúlkur. Barnafjöldinn skiptist á deildir á eftirfarandi hátt

17 börn á Hraunholti, fædd 2014 og 2015
 18 börn á Hnoðraholti, fædd 2013 og 2014
 12 börn á Vinaholti (hús á lóð), fædd 2013
 22 börn á Nónholti, fædd 2011-2012
 23 börn á Móholti, fædd 2011-2012

Flest börn voru í 8 – 8,5 tíma vistun eða 62 talsins
 14 börn voru í 7-7,5 tíma vistun og 16 börn voru í lengri vistun eða frá 8,75-9,5 tímum.
 Börnin áttu rætur að rekja til 8 landa utan Íslands sem eru: Kína, Lettland, Pólland, Brasilía, Ghana, England, Bandaríkin, Venezuela, Equador og Chile.

Sérkennsla

Skólaárið 2016 - 2017 voru 31 börn sem nýr sérkennslustjóri kom að í leikskólanum með margvíslegum hætti í tengslum við málörvun, félagsfærni, einbeitingu, líðan og hreyfifærni.

Eitt barn fékk greiningu vegna þroskaröskunar og stuðning í 6 tíma á dag. Tvö börn fengu auk þess þrjá stuðningstíma hvort á dag.

Meginreglan er að sérkennslan fari fram í hópum með öðrum börnum inni á deildum, en ef talið er að ekki sé unnt að kenna barni á fullnægjandi hátt inni á deild er notast við sérkennsluherbergið. Herbergið er notað bæði í einstaklingskennslu og hópkenndu.

Öyggismál

Slys á börnum, skráð slys á börnum veturinn 2016 – 2017 voru 27. Flest slysin voru smávægileg en eitt barn fótbrotnaði eftir klifur í rimlum í sal.

Skráð voru 7 slys á börnum sem meiddust í sal 2 sem meiddust inn á deild, 7 sem meiddust á leiskólalóðinni, 7 sem meiddust í leiktæki/leikfangi úti, 1 á útisvæðinu, 1 í holukubbum og svo 2 sem meiddust í Ásgarði.

Á hverju morgni er farið yfir útileiksvæðið áður en börnin fara út að leika til að tryggja að ekkert hættulegt reynist þar, þessi yfirferð er ávallt skráð. Allar bilanir á húsnæði og leiksvæði er varða öryggi eru tilkynntar eins fljótt og auðið er og brugðist við þeim.

Allir starfsmenn fengu skyndihjálparnámskeið í vetur og fengu að æfa endurlífgun á brúðum. Einnig var farið yfir verklag vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða gruns um áhættuhegðun barna á námskeiði um velferð og vellíðan barna sem allir starfsmenn leikskólans sóttu.

Húsnæði og viðhald

Mikil þörf var komin á að mála og lagfæra húsnæði leikskólans að utan og hófst vinna við það haustið 2016. Skipt var um þakkant að framanverðu og húsið málað. Mikill munur varð á sýn skólans við þetta.

Í marsmánuði varð óhapp á Vinaholti, þar sprakk rör með heitu vatni í vegg og miklar skemmdir urðu á húsinu vegna þessa. Börnin á Vinaholti fengu aðstöðu í salnum þar sem þau voru í þrjár vikur á meðan á viðgerð stóð, með ýmsu raski sem slíku fylgir.

Leikskólastjóri sendi formlegt erindi í maí mánuði til fræðsluviðs vegna Vinaholts, sem er laus skólastofa á leikskólalóð og hýsir eina deild. Í erindinu kom fram eindregin ósk starfsmanna að starfsemi leikskólans verði undir einu þaki og að húsið sem skýlir Vinaholt verði látið fara eða gerð varanlegri lausn varðandi nýtingu á því, enda hafi það verið sett upp sem bráðabirgðalausn vegna vöntunar á leikskólaplássi í bænum á sínum tíma. Í húsinu er ekkert netsamband, engin skiptiaðstaða og ferja verður mat úr aðalhúsi á milli í barnavagni í öllum veðrum. Húsið hefur verið á lóðinni í sex ár.

Á döfinni sumarið 2017 er viðgerð á elsta hluta leikskólans, þar sem tvær yngri deildirnar eru og kaffistofa starfsmanna. Þar verður skiptiaðstaða löguð, hiti settur í gólf og dúkalagt. Einnig er fyrirbyggjandi að lagfæra gólfdukk í eldhúsi.

Lokaorð

Segja má að síðasta skólaár hafi gengið vel og innra starfið verið með hefðbundnum hætti. Þrátt fyrir það reyndi á starfsmannahópin þegar starfsmannaveltan varð mikil á tímabili eftir áramót. Opin svör frá foreldrum í skólapúlsinum varðandi það góða við Bæjarból sýna fram á að starfsmennirnir er það sem foreldrar tjá sig mest um og mikil ánægja kom fram með þá hlýju og væntumþykju sem þeir sýna börnunum og foreldrum þeirra. Leikskólinn býr því yfir miklum mannauði og mikilli starfsreynslu sem mikilvægt er að hlúa að. Ekki síst þarf að huga að því starfsfólki sem eldist í starfi á leikskóla, gefa þarf kost á að vinna undir minna álagi eða í hlutastarfi ef aðstæður leyfa. Ljóst er að við siglum í erfiða tíma hvað varðar mönnun á leikskólum miðað við þær umsóknir sem liggja á borði um laus störf og hagur alls samfélagsins að snúa þeirri þróun við með öllum mætti. Þjónusta leikskóla við börn og foreldra er til mikillar fyrirmyndar og öllum ljóst að hæft starfsfólk og stöðugleiki í starfsmannahaldi skiptir mestu máli þegar kemur að góðu, faglegu leikskólastarfi.

Garðabæ 20. júní 2017

Anna Bjarnadóttir, leikskólastjóri
Rósa B. Arnadóttir, aðstoðarleikskólastjóri
Auður Skúladóttir, umsjón með hreyfingu

